

## AUGLÝSING

### um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

#### 1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er í 2. gr. segir.

#### 2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klukkustund:
  - a. Alþjóðabraut milli gatnamóta Bogagötu og Flutningabrautar F.
  - b. Uppland.
  - c. Akbrautir gegnum íbúðarhverfi sunnan Austurbrautar og austan Flugvallarvegur, svo og austan Suðurgötu og norðan Austurbrautar.
2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:
  - a. Grjótagata.
  - b. Vegurinn að fjarskiptastöðinni á Stafnesi frá vegamótum Bogagötu.
  - c. Alþjóðabraut milli Suðurgötu og Grænásafleggjara.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 99 frá 2. júlí 1962.

*Utánríkisráðuneytið, 9. nóvember 1977.*

**Einar Ágústsson.**

*Páll Ásg. Tryggvason.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 20% frá 1. des. 1977 frá því sem þær voru í nóv. 1977. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 20% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*